

Fundargerð 2. fundar starfshóps um menntastefnu

Fundardagur: Föstudagur 15. febrúar 2019.
Fundarupphaf: Kl. 9.
Staðsetning: Bæjarráðssalurinn.

Mætt: Kristín María Thoroddsen, Margrét Vala Marteinsdóttir og Sigrún Sverrisdóttir. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar Fanney D. Halldórsdóttir, Geir Bjarnason og Vigfús Hallgrímsson.

Kristín stýrði fundi.
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Mál sem rædd voru á fundinum:

1. mál: **Skipulag starfshópanna og undirbúningur að stefnumótunarvinnunni.**

Lögð fram gögn á fundinum, m.a. tillögur að tímalínunum að vinnu menntastefnunnar í tveimur hópum og uppbyggingu menntastefnu. Umræða um hvað þessi hópur á að leggja til mikinn grunn í stefnuna áður en hagsmunaðilar komi að vinnunni sömuleiðis. Sjá viðauka 1.

Almenn umræða og reynt að nálgast þær áherslur sem menntastefna þarf að svara. Þetta kom fram í umræðunni án mikilvægisráðar:

- Umræða um menntastefnur annarra sveitarfélaga og hvernig þær geti nýst í vinnu okkar.
- Kynnt drög að vinnuferlum fyrir þennan starfshóp og þann sem mun starfa næsta vetur.
- Ein hugmynd að halda málþing (apríl) til að ræða nánar hugmyndafræði og aðferðafræði við gerð vinnunnar. Í þessu samhengi var einnig rætt hvort það ætti við að hafa málþing að heimsækja aðra aðila sem hafa verið að vinna að gerð skóla-/menntastefnu sinnar þar sem hópurinn færi í vettvangsferðir.
- Kynnt hugtakakortsvinnu sem reyndi að ná utan um mögulega hagsmunaðila í menntastefnurvinnunni og grunnhugmyndir í vinnunni (t.d. kraftur, gleði, frumkvæði). Umræða um hvað langt/djúpt þessi hópur eigi að ganga áður en hagsmunaðilar koma að vinnunni.
- Velt upp samhenginu við vinnu að væntanlegri stefnu MMR um menntamál.
- Umræða um sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila til að skilja hver aðra. Reyna að brjóta niður múra milli hagsmunaaðila og ná sameiginlegum sjónarmiðum frekar en hagsmunum hvers hóps fyrir sig.
- Umræða um inntak stefnu sem afurð stefnumótunarferlis, hvað hún þyrfti að ná fram.

Velt upp þeim möguleika að þessi hópur stofnaði hóp á Facebook til að kasta á milli sín hugmyndum milli funda.

Fleiri mál ekki rædd.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 1. mars 2019 á sama tíma.

Fundarslit kl. 10. Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson

Viðauki 1

**Fræðslu- og frístundapjónusta Hafnarfjarðar
Vinna að menntastefnugerð
Febrúar 2019**

Vinnutilhögun starfshóps 1 vorið 2019 (S1)

	Febrúar	Mars	Apríl	Maj	Júní
Tímaplan S1					
Fundaplan S1	X	X	X	X	
Tímaplan S1					
Tímaplan S2					
Vinnuferli S2					
Aðferðafræði S2					
Fræðsluráðssamþykkt					

Vinnutilhögun vinnuhóps skólaárið 2019-2020 (S2)

	Ágúst '19	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar '20	Febrúar	Mars	Apríl	Maj
Starfshópur 2 skipaður										
Undirbúningsvinna										
Fundir með hagsmunaðil.										
Stefnumótunardrög rituð										
Drög kynnt á málþingi										
Drög yfirfarin og kláruð										
Fræðsluráðssamþykkt										
Bæjarstjórnarsamþykkt										

Uppbygging menntastefnu – en inntakið verður unnið skólaárið 2019-2020 út frá þeim grunni sem lagður verður fram

1		MENNTASTEFNA	
2	Nám, fræðsla, forvarnir, heilsuefning/lýðheilsa, félag(a/s)starfsemi, (almennings)þróttir, tómstundir, sí-/endurmenntun		
3	0-6 ára leikskólastig	6-16 ára grunnskólastig	16+ fullorðinsfræðsla
Viðfangsefni/þemu	heimili Dagforeldr. leikskóli Íþróttaf. Heimili	grunnskóli Tómst./þ.f. Félagsst.	Fullorðinsfr. Tómst./þ.f. Félagsst.
Viðfangsefni 1			
Viðfangsefni 2			